

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 15. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Ytra-Fell á Fellsströnd.

Deiliskipulagið tekur fyrir frístundabyggð með þremur lóðum. Lóðirnar eru upp af gamla bænum meðfram svokölluðum veiðimannavegi, sem liggur upp eftir Kjallakstaðaá.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 5. ágúst 2003.

F.h. sveitarstjórnar,

Bogi Kristinsson, byggingafulltrúi Dalabyggðar.